

Minnisblað starfsmanna

Móttakandi: Velferðarnefnd
Dags.: 14.10.2021
Málefni: Breyting á reglum um fjárhagsaðstoð
Höfundur: Erla Björg Sigurðardóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Í kjölfar bættra húsnæðisaðtæðna velferðarsviðs og stöðu forstöðumanns í stuðnings og virkniþjónustu sviðsins hefur verið unnið að virkni- og starfsendurhæfingarúrræðum í starfsemi þvert á stoðir sviðsins. Starfsfólk sviðsins vinnur m.a. í þverfaglegum teyllum, stýra fræðslu, hópastarfi og uppbyggingu á líkamsrækt sem er hluti af starfseminni. Þátttakendur í úrræðinu eru einstaklingar með skerta starfsgetu og fá greiðslur til framfærslu ýmist frá sveitarfélaginu á formi fjárhagsaðstoðar eða frá Tryggingarstofnun ríkisins (TR) á formi örorkubóta eða endurhæfingalífeyris. Tekjur frá TR eru ívið hærri en upphæð til viðmiðunar í reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins og því mikilvægt að breyta 22.gr reglna um fjárhagsaðstoð m.t.t. að auka möguleika einstaklinga með tekjur frá TR til að fá aðstoð samkvæmt reglunum til að taka þátt í dagskrá virknistarfsins t.d. líkamrækt.

Tillaga

Tillaga er um að auka svigrúm til fjárhagsaðstoðar til að auka möguleika öryrkja til þátttöku í virkniúrræðum velferðarsviðs Hornafjarðar. Breyting á 22. gr. reglana um um fjárhagsaðstoð

22. gr. núverandi

Heimilt er að veita til tilraunar, að notendur fjárhagsaðstoðar Sveitarfélagsins Hornafjarðar með þátttöku í starfsendurhæfingu, samfélagsþjónustu á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins og/eða annarri virkni. Þeir þátttakendur fá frádrátt vegna tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar með samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Heimilt verði að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði.

22. gr. tillaga að breytingu

Heimilt er að veita til tilraunar, að notendur fjárhagsaðstoðar Sveitarfélagsins Hornafjarðar með þátttöku í starfsendurhæfingu, samfélagsþjónustu á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins og/eða annarri virkni. Þeir þátttakendur fá frádrátt vegna tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar með samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Heimilt verði að veita undanþágu vegna atvinnutekna og/eða tekna frá Tryggingastofnun ríkisins sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði.